

Borgarstjórn Reykjavíkur

4. maí 2021

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að Malbikunarstöðin Höfði verði seld

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að Malbikunarstöðin Höfði – sem er að fullu í eigu Reykjavíkurborgar – verði sett í sölufærli. Eignarhald borgarinnar á Malbikunarstöðinni skeykir samkeppnisstöðu fyrirtækja á sama markaði og samræmist ekki sjónarmiðum um heilbrigða samkeppni.

Greinargerð

Með eignarhaldi Reykjavíkurborgar á Malbikunarstöðinni Höfða hf. skapar borgin hagsmunaaðrekstur sem grefur undan fjálsri samkeppni. Þrátt fyrir að Malbikunarstöðin Höfði sé verðmætt fyrirtæki geta skapast þær aðstæður að reksturinn verði þyngri og erfiðari sem skapar sveiflur og áhættu fyrir skattgreiðendur.

Nú er komið að þeim tímamótum að flytja þarf Malbikunarstöðina með tilheyrandi kostnaði og því rétt að huga að sölu fyrirtækisins. Þetta bentu Samtök iðnaðarins og Viðskiptaráð Íslands á í grein í Morgunblaðinu á fimmtudaginn í liðinni viku þar sem þau skorðu á Reykjavíkurborg að nýta tækifærið og losa sig út úr rekstri Malbikunarstöðvarinnar Höfða.

Í fyrrnefndri grein segir að Malbikunarstöðin Höfði reki grjótmulningsstöð og tvær malbikunarstöðvar, leggi út malbik og annist hálkueyðingu og snjómokstur. Þar er jafnframt er bent á að engin þessara verkefna séu „þess eðlis að borgin geti ekki boðið þau út og keypt þjónustu af einkaaðilum og til að gæta allrar sanngirni er það einmitt það sem hún gerir. Hún á það bara til að kaupa þjónustuna af sjálfri sér. Það hefur eðlilega vakið tortryggni enda selur fyrirtækið verktökum efni til að leggja og býður svo sjálft í sömu verk og þeir með góðum árangri.“

Eins er þar bent á að rök um tryggða samkeppni á suðvesturhorninu eigi ekki lengur við þar sem malbikunarfyrirtækin séu nú orðin fjögur, að meðtalinni Malbikunarstöðinni Höfða.

„Þrír einkaaðilar eru nú með starfsleyfi fyrir fullbúnar malbikunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. Colas í Hafnarfirði, Malbikstöðin á Esjumelum og Munck, sem er með fullbúna stöð í Hafnarfirði sem er ekki í rekstri vegna verkefnaskorts. Við þessar aðstæður ætlar borgin sér að færa tækjabúnað sinn upp á Esjumela fyrir 1,7 milljarða króna lánsfé, að hlið glænýrrar malbiksstöðvar einkaaðila sem kostaði 2,5 milljarða króna að koma upp,“ segir í greininni.

Með framanritað í huga er ljóst að það er tímaskekkja að Reykjavíkurborg standi í samkeppnisrekstri um malbik. Það gefur því augaleið að best færi á því að borgin losi sig út úr rekstrinum.